1. **Framkvæmdaleyfi fyrir lagfæring á Hringvegi (1-d8), frá hringtorginu við Hveragerði að Hamragilsvegamótum, innan lögsagnar Ölfuss.**

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss hefur samþykkt umsókn Vegagerðarinnar um leyfi til lagfæringar á Hringvegi (1-d8), frá hringtorginu við Hveragerði að Hamragilsvegamótum, þá framkvæmd sem er inna lögsagnar Sveitarfélagsins Ölfuss. Bæjarstjórn Ölfuss staðfesti niðurstöðuna á fundi sínum. Samþykktir eru framlagðir yfirlitsuppdrættir og afstöðuuppdráttur, unnin af Vegagerðinni auk framkvæmdalýsingar og framkvæmdaáætlunar.

Framkvæmdaleyfið með fylgigögnum er á heiðasíðu Ölfuss, www.olfus.is.

1. Yfirlitsmynd, Hringvegur, Hamragilsvegur-Hveragerði.
2. Minnisblað um vegtengingar á Hellisheiði dags. 21.12.2012.
3. Teikning af frágangi námu í Hveradalabrekku.
4. Yfirlitsmynd af vegi að Skíðaskálanum í Hveradölum frá Hamragilsvegi.
5. Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur dags. 1. febrúar 2013.
6. Álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014 og einnig staðfest endurskoðað aðalskipulag 2010-2022.

Fyrir liggur matsskýrsla frá júní 2009 fyrir framkvæmdinni í heild sem náði til lagfæringar á veginum frá Hafravatni að hringtorginu við Hveragerði.

Fylgigögn: